



Styrkir velferðarráðuneytisins til gæðaverkefna árið 2013

Heiti verkefnis: Þróun á skipulagi og efling göngudeildarþjónustu á lyflækningasviði Landspítala.

Umsækjandi: Margrét Guðjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri, Landspítala.

Stutt lýsing á verkefni og tilgangur: Tilgangur verkefnisins er að þróa og efla göngudeildarþjónustu á lyflækningasviði Landspítalans. Rannsóknir sýna að skilvirk teymisvinna og aukin aðkoma hjúkrunarfræðinga og annara fagstétta í þjónustu göngudeilda, eykur líkurnar á því að sjúklingar með langvinna sjúkdóma geti búið lengur heima og þurfi sjaldnar að leggjast inn á sjúkrahús.

Styrkur: 400 þús kr.

Heiti verkefnis: Verkina burtu! Þátttaka í Pain Out, fjölþjólegu verkefni til að bæta gæði verkjameðferðar eftir skurðaðgerð.

Umsækjandi: Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun, Landspítala.

Samstarfsaðilar: Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Gísli Vigfússon, yfirlæknir, Guðmundur Björnsson, sérfræðilæknir, Katrín Blöndal, sérfræðingur í hjúkrun, Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs.

Stutt lýsing á verkefni og tilgangur: Pain Out verkefnið er fjölþjóðlegt verkefni. Tilgangur þess er að þróa og viðhalda gagnagrunni sem auðveldar heilbrigðisstarfsfólki að veita sjúklingum viðeigandi verkjameðferð eftir skurðaðgerð. Gagnagrunninum fylgir einnig aðgangur að klínískum leiðbeiningum um verkjameðferð eftir skurðaðgerð. Á Landspítalanum er í bígerð að koma á fót þverfaglegri verkjaþjónustu sem ætlað er að bæta gæði verkjameðferðar á sjúkrahúsinu.

Styrkur: 400 þús kr.

Heiti verkefnis: Rafræn heimilistannlæknaskrá og tannsjúkdómaskrá.

Umsækjandi: Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir, Embætti landlæknis.

Samstarfsaðilar: Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri EL, Sigríður Haraldsdóttir, sviðsstjóri EL, Ingi Steinar Ingason, verkefnisstjóri rafræn sjúkraskrá, Guðrún Auður Harðardóttir, verkefnisstjóri.

Stutt lýsing á verkefni og tilgangur: Verkefnið felur í sér að safna og vinna upplýsingar um tannheilbrigðisþjónustu og tannheilsu með rafrænni vöktun á heimtum barna til heimilistannlækna (áfangi I) og söfnun rauntímaupplýsinga um tannheilsu barna (áfangi II). Stefnt er að því að hægt verði að kynna verkefnið og veita aðgang að gagnvirkum vefsíðunum fyrir árslok 2014.

Styrkur: 300 þús kr.

Heiti verkefnis: Þjónustusíður í heilbrigðisþjónustu fyrir almenning og heilbrigðisstarfsmenn.

Umsækjandi: Ingi Steinar Ingason, verkefnastjóri rafrænnar sjúkraskrár, Embætti landlæknis.

Samstarfsaðilar: Auður Harðardóttir, verkefnastjóri og Lilja Sigrún Jónsdóttir, verkefnastjóri.

Stutt lýsing á verkefni og tilgangur: Þróaður verður rafrænn þjónustuvefur sem mun auðvelda öll samskipti almennings og heilbrigðisstarfsmanna við Embætti landlæknis. Með verkefninu er leitast við að auka rafræna þjónustu við almenning og fyrirtæki með því að nýta upplýsingatækni með markvissum hætti til að auka hagræði og skilvirkni. Vinna er þegar hafin við greiningu verkefnisins og stefnt að því að hugbúnaðarþróun geti hafist á árinu 2014.

Styrkur: 300 þús kr.

Heiti verkefnis: **Örugg miðlun upplýsinga um ástand sjúklinga á geðdeildum.**

Umsækjandi: Hrund Scheving Thorsteinsson, deildarstjóri, Menntadeild, Landspítala.

Samstarfsaðilar: María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs og Guðlaug Þorsteinsdóttir, formaður gæðaráðs geðsviðs.

Stutt lýsing á verkefni: Sótt er um styrk til að staðfæra, prófa og innleiða SBAR samskiptatækni.

Tilgangur verkefnisins er að auka öryggi sjúklinga, fækka atvikum og tryggja að nákvæmar og flóknar upplýsingar um ástand sjúklings komist til skila á réttum tíma.

Styrkur: 400 þús kr.

Heiti verkefnis: **Pverfagleg dagþjónusta á geðsviði - skref 1. Iðjuhópur.**

Umsækjandi: Anna Krístrún Sigurpálsdóttir, yfiriðjuþjálfari, Sjúkrahúsið á Akureyri, dag- og göngudeild geðdeildar.

Samstarfsaðilar: Sigmundur Sigfússon forstöðulæknir geðdeildar, Sjúkrahússins á Akureyri, Ragnheiður Reykjalín Magnúsdóttir, iðjuþjálfari, Hanna Björg Héðinsdóttir.

Stutt lýsing á verkefni: Tilraunaverkefni til 15 mánaða. Iðjuhópurinn er í grunninn hugsaður til að koma til móts við þann skjólstæðingahóp sem á í erfiðleikum með að sinna þáttum er varða eigin umsjón, störf og tómstundir og ekki hefur gengið að endurhæfa eða bæta lífsgæði og virkni með hefðbundinni göngudeildarvinnu. Úrræðið er hugsað fyrir þá einstaklinga sem þurfa þéttara utanumhald til að komast áfram í sínu bataferli og endurhæfingu.

Styrkur: 400 þús kr.